

## Flúðum 4.júní 2020

### Skýrsla stýrihóps um þróunarverkefni veturinn 2019 – 2020

Veturinn 2019 – 2020 var settur á fót stýrihópur Flúðaskóla um þróunarverkefni skólans og væntanleg þróunarverkefni. Aðalhlutverk hópsins var að sinna framþróun snillismiðju og verkefni tengd henni. Í hópnum voru Kristín Erla Ingimarsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir. Hópurinn hittist mjög reglulega, bæði í formlegu og óformlegu spjalli. Hér verður stiklað á stóru yfir helstu málefni vetrarins.

Tvíeykið hóf veturinn á því að sækja ráðstefnuna Snjallt skólastarf - möguleikar og áskoranir nýrrar tækni á vegum Samtaka áhugafólks um skólaþróun. Það er alltaf gott að hitta samstarfsfólk víðs vegar af landinu og styrkja tengslin. Fljótlega upp úr því höfðu VEXA konur samband og lýstu yfir áhuga sínum að halda Makerý á Flúðum í mars. VEXA konur eru hópur kvenna sem hefur sérhæft sig í notkun upplýsingatækni í skólastarfi og snillismiðjum. Skýrsluhöfundar fóru á fyrsta Makerýið í Grundarfirði 2018 og hafa verið í sambandi við þær síðan. VEXA konur komu hingað á Flúðir í janúar til að undirbúa vinnusmiðjuna og fór góður partur úr sunnudegi í hugmyndavinnu og annað. Því miður fór það svo að ekki reyndist unnt að halda Makerý sökum Covid-19, en vonir standa til að hægt verði að halda það næsta vetur.

Þá fóru skýrsluhöfundar á Bett í London í janúar sl. Þangað er alltaf gagnlegt að koma á nokkurra ára fresti til að fylgjast með nýjungum og þróun. Það var áhugavert að sjá fjölbreytnina og forritun er búin að festa sig í sessi, sem sýnir okkur hversu mikilvægt það er að halda henni á lofti í skólastarfinu. Þessu tengt þá var áhugavert að sjá hversu áberandi micro:bit var og er það eitthvað sem er kjörið að tileinka sér í meira mæli þar sem skólinn á töluvert af micro:bit og nemendur þekkja grunnvirknina.

Í kjölfarið fóru skýrsluhöfundar á forritunarnámskeið á Laugarvatni sem haldið var Bláskógaskóla Laugarvatni. Þar var m.a. unnið með grunninn í micro:bit og væri óskandi að framhald verði á því, þ.e. kennsla í næstu skrefum, samþætting og fleira.

Á vormánuðum var send inn umsókn í Forritara framtíðarinnar, þar sem sótt var annars vegar um tækjastyrk og hins vegar um styrk til að senda kennara á námskeið.

Þá er vert að nefna að Kristín Erla hlaut nafnbótina Nýsköpunarkennari ársins fyrir árið 2020 og á hún það svo innilega skilið fyrir allt sitt starf í gegnum árin.

## Næstu skref

Snillismiðjan heldur áfram að þróast og næstu skref eru metin út frá því hvað er vænlegast fyrir skólann og samfélagið í heild sinni. Einn liður í því eru tækjakaup og töluverð vinna fór í að finna réttan búnað sem myndi nýtast sem mest. Ákveðið var að fjárfesta í Cricut maker, sem er skurðarvél sem hægt er að nota á ýmsan máta, m.a. skera í vínýl, pappa og efni. Til að nýta tækið sem best og samþætta við aðrar greinar þá væri tilvalið að nota t.d. hitapolinn vínýl sem hægt að er að nýta í textíl og þá er nauðsynlegt að hafa einhvers konar hitapressu. Til að styðja enn frekar við forritunina og sköpun, og frekari tengingu við önnur fög, þá þarf að halda áfram tækjakaupum, t.a.m. með forritunartækjum eins og Dash og Dot og bæta við Sphero. Einnig eiga skýrsluhöfundar sér þann draum að nýta allt það tæknilegó sem til er í skólanum og því væri mjög gott að fá tækifæri til að fara á þannig námskeið. Þá hafa báðir skýrsluhöfundar sent inn umsóknir á UTÍS 2020 sem haldið verður á Sauðárkróki í byrjun nóvember, og reyndar er búið að bjóða Kristínu Erlu að vera með vinnustofu þar.

Óskastaðan væri sú að nemendur og kennarar hefðu greiðan aðgang að snillismiðjunni og gætu nýtt sér hana í almennu skólastarfi. Það hefur aðeins borið á því í vetur þar sem kennarar hafa nýtt sér færanlegu green screen skilrúmin sem skýrsluhöfundar komu upp á haustmánuðum og er það mjög jákvætt. Til að svo verði, að hún verði raunverulegur kostur, þá væri það ákjósanlegt að sem flestir kennarar fengju fræðslu og nasasjón af starfseminni. Stýrihópurinn hefur markvisst rætt við kennara um samstarf en því miður hefur það ekki fengið eins mikinn hljómgrunn og við vildum. Hins vegar erum við ekki af baki dottnar og höldum ótrauðar áfram að hola steininn.